

lagt fram á fundi allsherjar
nefndar 21. feb. 2000, 237. mál.
Alþingi
Erindi nr. P 125/766
komudagur 21.2.2000

BREYTINGAR Á BANDORMI

A. VIÐBÓT VIÐ FRUMVARPIÐ

Lög um fullnustu refsídóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíðþjóð, o.fl.

(Nýr II. kafli í frumvarpinu með einni efnisgrein, sem verður 2. gr. frumvarpsins.)

Við norrænu fullnustulögin bætist ný grein 4. a. svohljóðandi:

Hafi dómþoli komið sér undan refsingu að hluta til eða heild með því að flýja til landsins er heimilt eftir beiðni frá til þess bæru stjórnvaldi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíðþjóð að úrskuða dómþola í gæsluvarðhald til að tryggja nærveru hans þar til fullnægjandi gögn með beiðni um fullnustu refsingar hafa borist eða ákvörðun um hvort fallist verið á beiðni er tekin. Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála ef slík úrræði teljast fullnægjandi til að tryggja nærveru dómþola.

Lögreglulögin, nr. 90/1996

(Ný grein sem bætist inn í IV. kafla frumvarpsins)

Við 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

f. að halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum, sem mál varða, dagbók lögreglu með upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár, sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna gegn afbrotum. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þessar skrár.

B. BREYTINGAR Á ÁKVÆÐUM FRUMVARPINS

Eftirfarandi breytingar verði á 4. gr. frumvarpsins.

- a. Upphaf efnismálgreinar verði svo: Nú samþykkir sá sem óskast framseldur til ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu framsal og getur hann þá ...
- b. Upphaf síðasta málsliðs verði svo: Samþykki og yfirlýsing skulu bókuð og ...
- c. Greinin verði ekki 2. mgr. 14. gr. heldur ný grein 14. a.